

Nd.

301. Nefndarálit

[182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sú lækkun tolla á nokkrum gerðum rafmagnstækja til heimilsnota, sem í frv. þessu er gerð tillaga um, er ekki niðurstaða af endurskoðun á aðflutningsgjöldum í því skyni að samræma slík gjöld né til þess gerð að lækka kostnað við öflun algengustu heimilistækja, heldur áformuð í því skyni einu að koma í veg fyrir greiðslur verðbóta á laun 1. mars n. k. til þess að veða upp verðhækkningar á almennum neysluvörum, sem þegar hafa orðið. Vörutegundirnar, sem lagt er til að lækka tolla á, eru þannig valdar af handahófi út frá þeirri viðmiðun einni, að þær vegi þungt í vísitölu. Ýmsar hliðstæðar vörur verða þannig áfram hátollavörur, svo sem rafmagnspönnur og önnur slík hitunartæki til heimilisnota, þvottavindur, rafmagnskaffikönnur, rafknúnar grænmetiskvarnar, kaffivélar og aðrar slíkar rafdrifnar eldhúsvélar. Sem dæmi um ósamræmið í aðgerðum þessum og til frekari stuðnings þeirri fullyrðingu, að vísitöluáhrifin af aðgerðum séu mikilvægari ástæða í hugsun ráðherra en breytingar og lagfæringar á aðflutningsgjaldakerfinu, má nefna að daglegar nauðsynjar heimila eru áfram tollaðar sem lúxusvarningur. Þannig eru algengustu kryddvörur áfram með samtals 123% tolli og vörugjaldi, grænmeti með frá 70—111% tolli og vörugjaldi, búsaðhöld úr málmum með 80—123% tolli og vörugjaldi, venjuleg hnifapör með 123% tolli og vörugjaldi o. s. frv. Jafnvel algengustu smávörur, eins og skoáburður og eldspýtur, eru tollaðar sem lúxusvara. Er þannig hvorki fyrir að fara samræmi í tillögugerðinni né vilja til þess að létta lúxustolli af algengustu heimilsvöru, heldur er einvörðungu um að ræða viðleitni ríkisstjórnarinnar til að koma í veg fyrir greiðslu verðbóta á laun með því að notfæra sér rangan vísitölugrundvöll til slíkra aðgerða. Til enn frekari áréttingar á þeim tilgangi hefur fram komið í fjárhags- og viðskiptanefnd, að í undirbúningi sé að leggja á tollafgreiðslugjald, sem ætlað er að skila ríkissjóði meiri tekjum en tapast við þessa tollalækkun, en engar frekari upplýsingar eru um það gefnar á þessu stigi málsins, þannig að ljóst er að ríkisstjórnin bíður með aðgerðir þar til vísitöluútreikningur hefur farið fram. M. ö. o. er þannig á máli haldið að hraðað er eins og frekast er kostur þeirri óverulegu tollalækkun, sem hér er um að ræða, svo hún hafi þegar í stað áhrif til lækkunar launa, en mun meiri fjáröflun með sambærilegum hætti mun eigi fram koma fyrir en síðar í mánuðinum, þ. e. eftir að útreikningur vísitöluunnar hefur farið fram.

3. minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar telur löngu orðið tímabært að endurskoða frumskóg aðflutningsgjalda og fella niður lúxustolla á almennri nauðsynjavöru. Enda þótt tillagan, sem í frv. er gerð, taki ekki mið af þessu sjónarmiði, eins og sýnt hefur verið fram á, nær tollalækkunin þó til örfárra vörutegunda sem nauðsynlegt er að taka með í slíkri endurskoðun. Út af fyrir sig er sú afgreiðsla jákvæð, þótt hún dugi skammt, og mun undirritaður því ljá henni fylgi sitt, en telur óhjákvæmilegt, að a. m. k. verði gerðar sams konar breytingar á tollameðferð sambærilegra vörutegunda, og gerir tillögu um það í sérstöku þingskjali. Auk tillögu um, að tollar rafknúinna heimilistækja, svo sem rafmagnspanna og slíkra hitunartækja til heimilisnota, kaffikanna, hársnyrtitækja, grænmetiskvarna og sambærilegra eldhústækja, verði lækkaðir með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir hvað varðar kæliskápa, frystiskápa, ryksugur o. fl. heimilistæki, sem frv. hefur, þá er einnig lagt til að algengustu búsaðhöld heimila og venjuleg hnifapör verði tekin úr lúxustolli og látið nægja að tolla þau með 40% álagi.

Alþingi, 1. febr. 1982.

Sighvatur Björgvinsson.